

Knattspyrnuþjálfarafélag Íslands
7. september 2014
5. fundur

Staðsetning: Breiðholti kl. 20.30-22.00

Mættir: Sigurður Þórir, Kristján, Daði, Davíð, Theódór og Halldór
Boðuð forföll: Ómar

Formaður opnar fundinn

1. Fundargerð síðasta fundar

Samþykkt.

2. Bikarúrslitaráðstefna uppgjör

Athugasemd varðandi verð. Of lágt miðað við það sem er í boði. Benda mönnum á að láta félagið sitt borga. Stefna að því að minnsta kosti ekki tapa á ráðstefnunni.

Matur frábær.

Gæta að tungumálinu. Þjóða upp á túlk til að þýða ef enska fyrirlesarans er ekki góð.

Lars var sérstaklega góður.

Almenn ánægja með hvernig til tókst. Um að gera að hafa fáa viðburði en flotta.

3. Greiðsla á árgjöldum

Ómar – ekki viðstaddur. Félagatal er inni á síðunni.

Þeir sem borga í september fá senda gjöfina í október.

Reyna að hringja í menn 20. september og hvetja til skráningar. Halldór og Daði fara á námskeiðin hjá KSÍ.

4. Dortmund & Mönchengladbach

Daði kynnir ferðina.

Skilyrði. UEFA A. Takmarkaður sætafjöldi. Þjálfar 3. flokk og eldri.

Rökstyðja af hverju viðkomandi á að fara?

Taka fram að fleiri ferðir séu skipulagðar.

Arnar Bill – endurmenntunarstig, ætlar KSÍ að senda mann, leggja eitthvað í þetta? Daði kannar.

(Fundur stöðvaður af Frey Alexanderssyni sem kemur með brúnar og bleikar kökur við mikinn fögnuð viðstaddra.)

5. Stjórn á næsta ári

Aðalfundur, fimmtudaginn 13. nóvember í höfuðstöðvum KSÍ.

Allir gefa kost á sér aftur. Spurning með Ómar.

6. Önnur mál

- Rætt um þjálfara sem eru að sækja rétt sinn gegn félögum.

- Lögfræðiþjónusta. Reikningur kominn frá lögfræðingi vegna samningsins. Stjórnarmeðlimir að fara yfir samninginn. Verður ræddur á næsta fundi.
- Gull og silfurmerki KÞÍ sem þjálfarar hafa ekki sótt. Afhenda á síðustu leikjum? SP skoðar.
- AFCA, Karl Heinz Ravioli hættur. SP sendir þakkir á póstlistann.
- Ýta á að þjálfarar ráði sig ekki þar sem ekki er búið að greiða laun. Kristján tekur að sér.
- Daði og Halldór að taka yngri flokka fyrirkomulag fyrir. Hittast í næstu viku.
- Umgjörðin á UEFA A. Dagur virðist ekki hafa áttað sig á því um hvað var rætt. Senda KSÍ tillögur um hvað KÞÍ vill sjá.

Fundi slitið.